

**Fundargerð 388. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 24. júní, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður við SFV
4. Ársreikningar
5. Ársskýrsla stjórnar
6. Fagháskólanám sjúkraliða, framvinda og staða málsins.
7. Uppsetning á „tímalínu“ til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Kjaraviðræður við SFV

SBF fór yfir að á fundunum með samninganefnd SFV hingað til hafi lítið þokast með þau sértæku málefni sem samninganefnd SLFÍ hefur lagt áherslu á. Fulltrúar SFV vísa stöðugt í að þeir hafi ekkert umboð til annars en að semja á nákvæmlega sömu nótum og samið var um við ríkið. Fulltrúar SLFÍ vilja m.a. uppfæra stofnanasamninginn samhliða gerð kjarasamningsins með gildistíma uppfærðs stofnanasamnings frá maí 2021, bóka sértækt um að gefa almennum starfsmönnum

möguleika á að fara í sjúkraliðanám, bóka um mat á fyrri viðlíka starfsreynslu og að engin skuli lækka í launum sem bætir við sig menntun og verði sjúkraliði.

Í ljósi þess að ekkert þokaðist í samkomulagsátt og að sjúkraliðar hjá SFV hafa verið sammingslausir í tæpa 15 mánuði var viðræðunum/deilunni vísað til ríkissáttasemjara mánudaginn 22. júní og hefur verið boðað til fundar hjá honum föstudaginn 26. júní.

4. Ársreikningar félagsins

SBF gerði grein fyrir að lokadrög að ársreikningum félagsins væru til skoðunar og farið var yfir drögin á fundinum og ákveðnar tölur/færslur skoðaðar og rætt um að fá nánari skýringar á þeim hjá endurskoðanda á fundi 1. júlí.

5. Ársskýrsla stjórnar

SBF fór yfir drög að ársskýrslunni sem verður rafræn eins og síðasta ár. Fram kom að skýrslan verði prýdd myndum af starfi félagsins þetta árið og verði ýtarleg, þ.s. í skýrslunni er sögulegt utnumhald um starfsemi félagsins á hverju ári. Skýrsludrög eru í lokavinnslu.

6. Fagháskólanám sjúkraliða, framvinda og staða málsins.

SBF fór yfir stöðu fagháskólanáms sjúkraliða á þessum tímapunkti. Námið fer af stað við Háskólann á Akureyri með aðfaranámi haustið 2020 og fagháskólanámið hefst haustið 2021 við sama skóla og hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem með málið fara lýst þessu yfir opinberlega í fjölmiðlum.

7. Uppsetning á „tímalínu“ til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.

JT og JJS fóru yfir drög að tímalínunum sem þær unnu, en þar koma fram helstu áfangar, bæði launahækkanir, breytingar á vinnutíma og tímasetningar á bókunum. Framkvæmdastjórn vinnur áfram með þessi drög.

8. Fundur framkvæmdastjórnar að loknu sumarleyfi – undirbúningur fyrir fulltrúabing SLFÍ 10. sept.

Ákveðið var að hafa fyrsta fund framkvæmdastjórnar að loknu sumarleyfi 2. september, en félagsstjórn SLFÍ fundar 9. september og fulltrúabingið verður 10. september.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:15

